

Þýska undrið, auðvaldið og Adolf Hitler. 11: Helförin og afneitaraveiðar

Síðustu áratugina hafa sagnfræðingar og aðrir fræðimenn reynt að grafast fyrir um og skoða þær heimildir, sem Nürnberg réttarhöldin og „arfrásögnin“ um helför Gyðinga byggir á.

Gyðingurinn, David Christoffer Cole (Stein), bandarískur blaða- og kvikmyndagerðarmaður vakti athygli fyrir heimildamyndagerð um helförina 1992, þegar hann heimsótti Auschwitz. Hann komst að því, að opinbera sagan ætti ekki við rök að styðjast. Þegar honum höfðu borist ítrekaðar líflátshótanir, breytti hann nafni sínu í Stein. (https://www.youtube.com/watch?v=iO659PP_unQ)

Fleiri hafa undrast og efast. Í greinasafninu, sem ber titilinn, „Helförin brotin til mergjar: Vaxandi gagnrýni á „sannleika“ og „minningar“ (Dissecting the Holocaust. The Growing Critique of „Truth“ and „Memory“), má sjá svipaðar vangaveltur.

Safninu er ritstýrt af þýska efnafræðingnum, Germar Rudolf. Hann rannsakaði m.a. aðstæður í fangabúðunum í Auschwitz og Birkenau. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að þær hefðu ekki hentað til fjöldaútrýmingar.

Germar hefur verið hundeltur af þýskum, breskum og bandarískum yfirvöldum, og setið í þýsku fangelsi. Þar að auki var honum meinað að ljúka síðasta prófi í doktorsnámi sínu á grundvelli laga frá árinu 1939, þ.e. að ógilda mætti háskólapróf, væri hlutaðeigandi óverðugur. Það eru raunar ólög nasista til að bola Gyðingum úr opinberum stöðum.

Þetta minnir óneitanlega á mál Hans Joachim Kupka, ný-sjálensks Þjóðverja, sem var meinað að hefja doktorsnám sitt. Hans hafði verið kærður af gyðinglegum meðnemendum, sem höfðu áhyggjur af andgyðinglegum viðhorfum. Hann var sagður helfararafneitari. Það þótti því óviðeigandi, að hann rannsakaði þróun þýsku í Nýja-Sjálandi, þar sem hann gæti þurft að tala við þýskumælandi Gyðinga. Um þetta var unnin mikil skýrsla. Skýrsluhöfundur mælti með því, að rektor bæði samfélag Gyðinga afsökunar.

Annar helfararafneitari, þýski lögfræðingurinn, Horst Mahler, var látinn dúsa í fangelsi fyrir staðhæfingar þess efnis, að kerfisbundin útrýming Þjóðverja á Gyðingum hefði aldrei átt sér stað.

Þó er Þjóðverjinn, Ernst Christoff Friedrich Zündel (1939-2017), líklega sá helfararafneitandi, sem mestur styrr hefur staðið um. Í Kanada var hann dæmdur fyrir þá sök, að útgáfur hans voru taldar „líklegar til að leysa hatur úr læðingi gagnvart

tilteknum hópi” manna. Einnig þótt stafa af honum þjóðaröryggisógn. Í Bandaríkjunum var hann ákærður fyrir útrunna vegabréfsáritun og í Þýskalandi fyrir að mana til kynþáttahatars.” Þar var hann látinn dúsa í fangelsi í fimm ár.

Franski prófessorinn, Robert Faurisson Aiken (1929-2018), var í Frakklandi dæmdur fyrir ótilhlýðilegar efasemdir um helfararsöguna. Fyrsta grein hans um efnið birtist í Le Monde 1978. „Gasklefavandinn eða sögusögnin um Auschwitz.“

Hann efaðist líka um, að dagbækur Önnu Frank væru ekta. Dómstóllinn dæmdi hinn virðulega og sprenglærða prófessor til sekta. Síðan var hann sviptur starfi og æru.

Ákveðnir hópar Gyðinga um víða veröld vaka yfir helfararfrásögninni. Í Ástralíu stefndi „Framkvæmdastjórn ástralska Gyðingaráðsins“ (Executive Council of Australian Jewry), Gerald Frederick Töben (1944-2020), fyrir hatur í garð Gyðinga og afneitun helfararinnar. Hann sagði m.a. enga gasklefa hafa verið í fangbúðum nasista og helförin væri lygimál. Dómarinn sagði Gerald F. hafa „forsmánað þjóð Gyðinga.“

Breski félagsfræðiprófessorinn, David Miller, var rekinn á dyr, eftir að „Gyðingafélagið í Bristol“ (Britstol Jewish Society) og „Námsmannasamtök Gyðinga“ (Union of Jewish Students), bæði tengd „Heimlandssamtökum Síonista“ (World Zionist Organization), kvörtuðu yfir gagnrýni hans á skilgreiningu „Alþjóðlegu minningarsamtakanna um Helförina“ (International Holocaust Remembrance Association). Hún er í anda ísraelsku ríkisstjórnarinnar, þ.e. að gagnrýni á stjórnina sé andsemítafæð eða-hatur. (Semítar eru allar þjóðir, sem komnar eru frá ættföðurnum, Sem Nóasyni, samkvæmt Bíbliunni.)

Helförin er augljóslega viðkvæmt efni í þjóðmálaumræðunni og hjá dómstólum. Vera Sharav, rúmenskur Gyðingur, aflifandi úr fangabúðum nasista, er nú kominn á skrá hjá þýskum saksóknurum fyrir ótilhlýðilega umfjöllun. Henni varð á að bera saman fjöldamorð þjóðverja á Gyðingum við afleiðingar bólusetninga við covid-19.

„Afneitunaramman,“ Ursula Haverbeck, í Deutsche Welle kölluð „raðafneitari,“ harðneitar að meðtaka boðskapinn um kerfisbundna útrýmingu þjóðverja á Gyðingum í annarri heimstyrjöldinni. Níutíu og þriggja ára (2022) var henni stungið í fangelsi fyrir glæp sinn.

Hún er þó ekki elst í „öldungadeildinni,“ sem réttað er yfir við þýska dómstóla. Jósef (dulnefni) er rúmlega aldargamall, fyrrverandi fangavörður í Sachenhausen fangabúðunum. Honum er gefin að sök samsekt við aftökur rússneskra hermanna og dráp Gyðinga með eiturgasi.

Þjóðverjar eru iðnir við sakfellingarkolann. Kanadíska systkinin Monika og Alfred Schaefer voru bæði dæmd fyrir hatursorðræðu. Monika birti myndskaið á YouTube, sem olli verulegum titringi: „Fyrirgefðu mamma. Ég hafði á röngu að standa um Helförina“ (Sorry mom, I was wrong about the Holocaust). Bróðirinn, Alfred, framleiddi myndskaiðið.

Á heimasíðu fyrrnefnds Germar má m.a. finna fjölda heimildamynda um efnið á síðunni: [Holocaust Handbooks](#). Bendi einnig á heimildarmynd Luke Holland, „Síðustu frásagnir“ (Final Account): <https://www.theguardian.com/film/2021/dec/02/it-became-crystal-clear-they-were-lying-the-man-who-made-germans-admit-complicity-in-the-holocaust>

Árið 2017 bannaði Amazon rúmlega eitt hundrað bækur, sem fluttu gagnrýninn boðskap um Helförina.

Nürnberg dómstóllinn leiðir hugann óneitanlega að Alþjóðaglæpadómstólum (Cour Pénal Internationale), sem síðar var stofnaður. Rannsókn hans á stríðsglæpum Nató í Afganistan gekk afar treglega, en hann fékk hins vegar byr undir báða vængi, þegar Vesturveldin báru á hann fé og fengu til að rannsaka þann stríðsglæp Rússa að þjóða (rússneskum) börnum frá Austur-Úkraínu endurnæringar- og menntunardvöl í þar til gerðum búðum í Rússlandi, jafnvel þótt bandarísk skýrsla um glæpin sýndi í sjálfu sér ekkert misjafnt.

Nürnberg dómsstóllinn, Alþjóðaglæpadómstóllinn og Alþjóðadómstóllinn (Cour Internationale de Justice – International Court of Justice – World Court) í Haag, voru/eru snar þáttur alþjóðastjórn mála og þeirrar hagsmunagæslu og hrossakaupa, sem þar eiga sér stað. Þar endurspeglast valdajafnvægið í veröldinni. Nú situr Ísraelsstjórn á bekk sakamanna vegna ásakanna um þjóðarmorð eins og Þjóðverjar forðum.

Ísraelsstjórn verður vafalítið sýknuð, því í eðli sínu tekur ákæran einnig til þátttöku Bandaríkjanna og Breta, sem taka óbeinan og beinan þátt í stríðinu við hlið Ísraels. Enda beittu yfirvöld beggja ríkja sér fyrir stofnun Ísraels, rekstri þess og hernaði.

Bandarísk hermálafyrirvöld og stjórnámálamenn þar í landi kalla Ísrael framvarðarsveit sína í Miðausturlöndum. Einn þeirra vildi meira að segja knýja Ísraela til að varpa kjarnorkusprengru á Íran til að taka ómakið af Bandaríkjamönnum.

Yfirdómari Alþjóðadómstólsins, Joan E. Donohue er fyrrum ráðgjafi Hillary Clinton í ráðuneyti Barack Obama og tók þátt í skipun hennar.

<https://rarehistoricalphotos.com/hitler-reacts-kiss-woman-1936/>